

Mánudaginn 27. nóvember 1972.

Nr. 202/1971: **Jóhann Kristjánsson og  
Sophus V. K. Jóhannsson**  
(Sigurður Helgason hrl.)  
gegn

**Jóni Hauki Hermannssyni**  
(Sigurður Baldursson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Þorsteinn Thorarensen borgarlógeti.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sakarskiptingar og að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jóhann Kristjánsson og Saphus V. K. Jóhannsson, greiði stefnda, Jóni Hauki Hermannssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1971.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. þ. m., hefur Jón Haukur Hermannsson, Hörðalandi 10, Reykjavík, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. og 22. janúar 1970, á hendur Jóhanni Kristjánssyni, Skólagerði 6, Kópavogi, Sophusi V. K. Jóhannssyni, sama stað, og Vátryggingafélaginu h/f, Borgartúni 1, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 20.496.00 auk 8% ársvaxta frá 9. desember 1969 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu, Jóhann og Sophus, gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir og fái greiddan málskostnað hjá stefnanda, en til vara, að tjóninu verði skipt eftir mati dómsins og komi þá til frádráttar útlagður viðgerðarkostnaður stefnda Jóhanns, en málskostnaður verði látinn falla iður.

Undir rekstri mánsins varð Vátryggingafélagið h/f gjaldþrota. Af hálfu þrotabús Vátryggingafélagsins h/f eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að Vátryggingafélagið h/f verði algerlega sýknað af kröfum stefnanda í máli þessu og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi er eigandi bifreiðarinnar R 8767, sem er fólksbifreið af Renault gerð. Miðvikudaginn 5. nóvember 1969, um kl. 1500, ók stefnandi bifreið sinni suður Elliðaárvog og áfram yfir Suðurlandsbraut og ætlaði síðan að aka vestur Miklubraut. Er stefnandi var kominn út á Suðurlandsbraut, kom stefndi Sophus akandi á bifreiðinni Y 930 af Miklubraut og út á Suðurlandsbraut og ók á bifreiðina R 8767 aftan til vinstra megin. Ökumaður bifreiðarinnar Y 930, stefndi Sophus, er sonur eiganda hennar, stefnda Jóhanns. Var bifreið þessi skylduvátryggð hjá Vátryggingafélaginu h/f.

Tveir lögreglumenn komu á vettvang eftir áreksturinn. Gerði annar þeirra uppdrátt af vettvangi, en hinn tók saman lögegluskýrslu. Í þeirri skýrslu kemur m. a. fram, að dagsbirta hafi verið, skýjað, yfirborð vegarins malbikað og færi þurr.

Í lögregluskýrslunni er skemmdum á bifreiðunum lýst þannig:

„Skemmdir á bifr. R 8767 voru sjáanlegar þær, að vinstra aftur aurbretti var dældað og skekkt og greinilega komið högg á aftuhjólið. Skemmdir á bifr. Y 930 voru sjáanlegar þær, að vinstra fr. aurbretti, fr. höggvari og vélarhús var dældað og vatnskassi lekur.“

Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekið suður Elliðaárvoginn á rólegri ferð að Suðurlandsbraut og þar sem engin umferð

hafi þá verið um þá götu, kveðst hann hafa ekið óhindrað inn á hana. Hann kvaðst hafa verið búinn að taka eftir bifreiðinni Y 930, þar sem hún hafi staðið kyrr á Miklubraut sunnan Suðurlandsbrautar. Hafi sú bifreið ekið af stað, um leið og stefnandi ók inn á Suðurlandsbrautina. Kvaðst stefnandi hafa reiknað með því, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930 æki áfram yfir, þar sem hann hafi ekki orðið var við, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930 gæfi stefnummerki um sína fyrirhuguðu beygju. Þegar stefnandi var kominn vel inn á gatnamótin, kveður hann bifreið þessa hafa borið að og hafi henni verið ekið á afturhluta bifreiðar sinnar vinstra megin. Stefnandi kvaðst telja, að hann hefði verið á 20—30 km hraða, er hann ók inn á gatnamótin.

Stefndi Sophus hefur borið, að hann hafi ekið austur Miklubraut og ætlað sér að beygja vestur Suðurlandsbraut. Áður en hann hafi ekið inn á Siðurlandsbraut, kveðst hann hafa numið staðar, svo sem sér hafi borið, enda er þarna stöðvunarskylda. Að því búnu kveðst hann hafa tendrað stefnuljós til vinstri og síðan ekið af stað með beygju til vesturs að Suðurlandsbraut, enda hafi hann talið öllu óhætt. Hann kvaðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 8767, en enga hættu talið stafa frá þeirri bifreið, þar sem hún hafi verið það langt í burtu. En hann kvaðst hafa séð það, að mikil ferð var á þeirri bifreið. Er hann ók inn á Suðurlandsbrautina með vinstri beygju, en var ekki kominn á hægri hluta vegarins, þegar bifreiðinni R 8767 hafði verið ekið á mikilli ferð inn á vegamótin og þvert í veg fyrir bifreið sína, svo að eigi hafi verið komizt hjá árekstri. Hann kvaðst þá hafa verið kominn í beina akstursstefnu vestur brautina. Kvað stefndi Sophus það álit sitt, að stefnandi hafi verið að keppa við aðvifandi umferð, sem hafi verið á leið vestureftir Suðurlandsbrautinni. Hafi stefnandi ætlað sér að aka yfir gatnamótin án þess að þurfa að stöðva bifreiðina.

Stefndi Sophus gízkaði á, að stefnandi hefði verið á um það bil 50 km hraða, er hann kom að gatnamótunum.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930, stefndi Sophus, hafi átt alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið í veg fyrir stefnanda og aftan á bifreið hans. Þetta sé brot á 3. málsgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. málsgr. 48. gr. sömu laga. Varðandi fébótaábyrgð stefndu vitnar stefnandi til 67.—69. gr. umferðarlaganna. Samkvæmt þeim greinum beri stefndu solidaríska fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda heldur stefnandi því fram, að hann hafi enga sök átt sjálf-

ur á slysi þessu, og mótmælir því sérstaklega, að hann hafi í umrætt sinn ekið of hratt miðað við aðstæður.

Stefndu Jóhann og Sophus byggja dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi átt alla sök á árekstri þessum. Stefnandi hafi ekki stöðvað bifreið sína, er hún kom að Suðurlandsbraut, og því ekki gætt þeirrar varúðar, sem honum hafi borið að sýna. Honum hafi einnig borið að víkja fyrir bifreiðinni Y 930, þar sem hún hafi þegar verið komin inn á Suðurlandsbrautina, er stefnandi hafi einnig ekið inn á þá götu. Bifreiðin Y 930 hafi verið stöðvuð, áður en hún fór inn á Suðurlandsbrautina, og hafi ökumaður hennar talið öllu óhætt að aka inn á þá götu.

Stefnandi hafi hins vegar ekið þvert í veg fyrir bifreiðina Y 930 á mikilli ferð og því hafi árekstur verið óumflýjanlegur. Telja þessir stefndu, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi ekki ekið of hratt í umrætt sinn. Þá benda þessir stefndu á það, að stefndi Sophus hafi gefið stefnumerki, áður en hann ók inn á Suðurlandsbrautina. Af þessum ástæðum telja stefndu, að stefnandi hafi brotið umferðarreglur og sýnt af sér vítavert aðgæzluleysi og verði því að telja, að hann hafi átt höfuðsök á slysinu.

Verði eigi fallizt á algera sýknu þessara stefndu, þá krefjast þeir, að skipt verði sök milli áðurgreindra aðilja eftir mati dómsins og þess krafizt, að fullt tillit verði tekið til viðgerðarkostnaðar á bifreiðinni Y 930 vegna árekstrarins.

Stefndi þrotabú Vátryggingafélagsins h/f byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekið með kappaksturshraða inn á Suðurlandsbrautina þvert í veg fyrir bifreiðina Y 930. Því hafi stefnandi verið valdur að slysi því, sem mál þetta snýst um. Stefnandi hafi sjálfur tekið fram í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hafi ekki þurft að stöðva bifreið sína við gatnamótin og ekið óhindrað inn á þau. Þá bendir þessi stefndi á það, að skýrsla stefnanda sé ónákvæm og að í upphafi hennar fullyrði hann, að meðstefndi Sophus hafi ekki gefið stefnumerki um fyrirhugaða vinstri beygju, en í niðurlagi skýrslunnar geti hann þess, að hann vilji ekki fullyrða um það, hvort stefnumerki hafi verið gefið. Sama framburð hafi hann staðfest hér fyrir réttinum. Meðal annars af þessum ástæðum telur þessi stefndi, að taka beri skýrslu stefnda Sophusar og leggja hana tilgrundvallar mála-vöxtum öllum. Verði hins vegar ekki fallizt á, að stefnandi beri óskipta sök á umferðarslysi þessu, beri að skipta sök og við mat á sakarskiptingu beri að hafa í huga, að meðstefndi Sophus virð-

ist ekki hafa gert aðra skekkju en þá í akstri sínum að reikna með því, að bifreið stefnanda væri á minni hraða heldur en raunverulega hafi verið. Verði sök stefnda Sophusar metin nokkur, þá hljóti hún að vera metin minni heldur en sök stefnanda.

Samkvæmt 1. málsgr. 48. gr. umferðarlaganna nr. 40 frá 23. apríl 1968 bar stefnda Sophusi að víkja fyrir stefnanda í umrætt sinn, þar sem hann hafði stefnanda á hægri hönd. Og eftir 3. málsgr. 46. gr. sömu laga mátti hann ekki taka beygju til vinstri, fyrr en bifreið stefnanda var farin fram hjá. Þetta gerði stefndi Sophus ekki, heldur ók of fljótt inn á Suðurlandsbrautina með þeim afleiðingum, að bifreiðin Y 930 rakst á vinstra afturbretti bifreiðar stefnanda. Með þessu ökulagi telzt stefndi Sophus hafa átt alla sök á nefndum árekstri, enda er ósannað, að stefnandi hafi ekið of hratt í umrætt sinn, þar sem fullyrðing stendur gegn fullyrðingu um þetta efni, og eigi verður slíkt ráðið af ummerkjum á vettvangi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða stefndu dæmdir in solidum, sbr. 1. málsgr. og 3. málsgr. 69. gr. umferðarlaga og 2. málsgr. 74. gr. sömu laga, til þess að greiða stefnanda bætur fyrir tjón það, er hann varð fyrir vegna árekstrarins.

Viðgerðarkostnaður á bifreið stefnanda eftir áreksturinn nam samtals kr. 13.896.00. Stefnandi hefur lagt fram reikninga yfir viðgerð þessa. Þessir reikningar hafa eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Stefnandi hefur enn fremur krafizt þess, að stefndu greiði sér dagpeninga vegna afnotamissis af bifreiðinni, meðan viðgerð stóð yfir, þ. e. a. s. frá 9. desember 1969 til 20. sama mánaðar, samtals kr. 6.600.00, eða kr. 600.00 fyrir hvern dag. Stefnandi kveðst hafa notað bifreið sína öðrum þræði í þágu atvinnuveitanda síns og fengið greiðslu fyrir þá notkun. Hefur hann lagt fram ljósrit af skýrslum sínum um þetta efni til skattayfirvalda. Samkvæmt þeim hefur bifreiðarstyrkur stefnanda árið 1968 numið kr. 51.008.00, árið 1969 kr. 51.455.00 og árið 1970 kr. 46.506.00.

Stefndu hafa andmælt þessum kröfuflið sem allt of háum.

Bætur til handa stefnanda fyrir afnotamissi bifreiðarinnar ákveðast kr. 400.00 fyrir dag hvern. Úrslit málsins verða því þau, að stefndu er dæmt að greiða stefnanda kr. 17.896.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir in solidum til

Þess að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Kristjánsson, Sophus V. K. Jóhannsson og protabú Vátryggingafélagsins h/f, greiði stefnanda Jóni Hauki Hermannssyni, kr. 17.896.00 með 8% ársvöxtum frá 9. desember 1969 til greiðsludags og kr. 5.100.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1972:

Nr. 153/1972: Guðni Ágústsson

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum  
f. h. Vatnsveitu Vestmanneyja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. j., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frestsúrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um frest þann, sem krafizt var.

Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.